

SAMTOK VERÐBREFAFYRIRTÆKJA
Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 1. desember 1997

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/350
komudagur 2.12.1997

Efni: Umsögn um lífeyrissjóðafrumvarpið (249. mál).

Vísað er til bréfs yðar frá 21. nóvember 1997, þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja (SV) um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (249. mál).

1. Almenn.

Samtökin telja að í því frumvarpi sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi hafi verið sniðnir af margir, en ekki allir, af þeim alvarlegu ágöllum sem voru á frumvarpi um sama efni sem lagt var fram á síðasti þingi. Það eru Samtökunum mikil vonbrigði að ekki skuli gengið lengra í frjálrsræðisátt en raun ber vitni í þessu mikla hagsmunamáli þjóðarinnar allrar. Sérstaklega á þetta við um frelsi launamanna til að velja sér lífeyrissjóð. Samtökin líta því svo á að hér sé einungis um að ræða fyrsta áfanga í átt til aukins frelsis á þessu sviði.

Í frumvarpinu er farin sú leið að skilgreina lágmarkstryggingavernd sem tiltekinn hundraðshluta af launum. Þótt Samtökin séu sammála því að tiltaka ákveðna lágmarkstryggingarvernd fyrir hvern einstakling eru þau í grundvallaratriðum ósammála þeirri útfærslu sem fram kemur í frumvarpinu. Samtökin telja mun eðlilegra að lágmarkstryggingarverndin sé hin sama í krónum talin fyrir alla í stað þess að miða hana við laun hvers og eins. Það er vandséð að tryggja þurfi hálaunamanni sama hlutfall af launum í eftirlaun og láglauamanni. Að mati Samtakanna væri meira réttlæti fólgið í því að tryggja öllum landsmönnum sömu lágmarkstryggingavernd í krónum og eftirláta síðan hverjum einstaklingi að ákveða hversu mikið og með hvaða hætti hann vill spara til viðbótar til elliáranna.

2. Athugasemdir við einstakar greinar.

Þrátt fyrir þá afstöðu Samtakanna sem fram kemur hér að framan telja þau rétt, fari svo að meiri hluti alþingismanna styðji frumvarpið, að koma á framfæri athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

2. mgr. 8. gr.

Skrifstofa samtakanna:

Samband íslenskra viðskiptabanka · Austurstræti 5 · 101 Reykjavík · Sími: 525 6075 · Fax: 525 6119

Dæmi eru um að fjármálaráðuneytið hafi heimilað skiptingu á inneign í núverandi séreignarsjóðum við skilnað hjóna. Að mati Samtakanna er þetta fullkomlega eðlilegt og leggja þau ríka áherslu á að þetta verði áfram heimilt.

Mikilvægt er að 2. mgr. 8. gr. komi ekki í veg fyrir að unnt sé að skipta séreign milli hjóna við skilnað þeirra.

1. mgr. 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir tveggja ára lágmarksbinditíma eftir fyrstu greiðslu iðgjalds áður en hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning. Að mati Samtakanna er þetta ákvæði óþarft, sérstaklega í ljósi þeirra tilvika sem sífellt virðast færast í vöxt að inntar eru af hendi starfslokagreiðslur.

Lagt er til að 1. mgr. 11. gr. falli brott og að upphaf 2. mgr. (sem verður 1. m.gr.) orðist þannig: „Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning þegar rétt hafi ...“

2. mgr. 16. gr. og 17. gr.

Skv. 2. mgr. 16. gr. er gerð undanþága frá almennum reglunni um greiðslu makalífeyris í einungis tvö ár ef makinn hefur barn sem er yngra en 18 ára á framfæri sínu. Það er því tilvist barnsins sem skapar aukin réttindi. Samtökin gera enga athugasemd við þetta. Þegar hins vegar sjóðfélagi andast sem er einhleypt foreldri, þá virðast ekki koma til aðrar greiðslur en barnalífeyrir skv. 17. gr.

Til athugunar er hvort tryggja beri þeim sem taka að sér börn látinna einhleypra sjóðfélaga hliðstæðu makalífeyris.

36. gr.

a. Í þessari grein koma fram fremur ítarleg ákvæði um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Samtökin telja að þær miklu breytingar sem orðið hafa á fjármagnsmarkaði hér á landi og erlendis á síðustu árum staðfesti að óráðlegt sé að útfæra fjárfestingarstefnuna með þeim hætti sem gert er í 2.-6. mgr. þessarar greinar. Þess í stað væri mun eðlilegra að binda þetta í reglugerð eftir því sem ástæða þykir til á hverjum tíma.


Lagt er til að 2.-7. mgr. 36. gr. falli brott. Í stað þeirra komi eftirfarandi málsgrein: „Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða í reglugerð sem hann setur að fenginni umsögn bankaeftirlitsins. Í henni er m.a. heimilt að kveða á um hámark eigna skv. 1.-10. tölul. 1. mgr.“

b. Hljóti tillaga Samtakanna í a-lið hér að framan ekki hljómgrunn í efnahags- og viðskiptanefnd er rétt að taka fram eftirfarandi varðandi fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Að baki hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða stendur eignasafn sem tryggir áhættudreifingu innan þeirrar tegundar fjárfestingar sem verðbréfasjóðurinn stundar. Þetta eignasafn, þ.e. verðbréfasjóðurinn, er fjárhagslega ótengt bæði rekstrarfélaginu sem annast rekstur sjóðsins og vörslufyrirtækinu sem annast umsjá og varðveislu eignasafnsins og önnur tiltekin verkefni skv. lögum um

verðbréfasjóði. Að mati Samtakanna er því ólíku saman að jafna fjárfestingu lífeyrissjóðs í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingu í annað hvort hlutabréfum eða skuldabréfum einstakra aðila. Þvert á móti eru hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða ákjósanleg leið til að draga úr fjárfestingaráhættu lífeyrissjóða. Því telja Samtökin enga þörf á því að takmarka möguleika lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða.

Sé vilji til þess að halda 2.-6. mgr. 36. gr. inni í frumvarpinu þá er lagt til að fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verði undanþegin heildartakmörkuninni í 1. másl. 5. mgr. 36. gr. og að niðurlag 3. másl. sömu málsgr. verði felld brott („... né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði“).

Virðingarfyllst,



Sigurður B. Stefánsson,
formaður